

**5. fundur Fræðslu-,menningar-,íþróttar-, æskulýðsnefnd haldinn Miðtúni 1,
Táknafirði, fimmtudaginn 29. janúar 2015
og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB) formaður, Krístrún Guðjónsdóttir (KG) aðalmaður og Eva Dögg Jóhannesdóttir aðalmaður.

Fundargerð ritaði: Eva Dögg Jóhannesdóttir, Nefndarmaður

Dagskrá:

1. 1412062 - Hvatning til sveitarfélaga til að hækka menntunarstig starfsmanna í leikskólum.

Nefndin felur skólastjóra að kanna áhuga starfsmanna Táknafjarðarskóla á námi.

2. 1412069 - Reglubundin skoðun íþróttamiðstöð.

Til kynningar.

3. 1412040 - Styrkur vegna námsupplýsinakerfa

Erindinu er vísað til skólastjóra. Samþykkt samhljóða.

4. 1501024 - Félagsmiðstöð - opnunartími.

Nefndin felur sveitarstjóra að kalla saman fund með foreldrum til að kanna með áframhaldandi starfssemi félagsmiðstöðvar fram á vorið. Samþykkt samhljóða.

5. 1501052 - Námsskeið fyrir Fræðslu -og skólanefndir.

Nefndarmenn fagna erindinu og munu allir mæta á umrætt námskeið. Samþykkt samhljóða.

6. 1311087 - Önnur mál

Rætt var um útivistarsvæði og þá sérstaklega vetrarútivistarsvæði. Sveitarstjóra falið að kanna með litla diskalyftu sem hægt væri að setja upp innanbæjar.

Rætt var um steypuvöllinn og hugmyndir að hvað má gera þar.

Kannað verður áhugi fyrir að halda uppá 100 ára afmæli kosningarréttis kvenna.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:34.

<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>